

Sp. 54. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Steingrímur Steinþórsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins njóta nú og eru í því fólgin, að þeir fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.

G r e i n a r g e r ð.

Tillögur um afnám sérréttinda í áfengiskaupum voru fram bornar á þremur þingum á síðasta kjörtímabili, og á síðasta þingi var einnig flutt tillaga um afnám slíkra hlunninda í viðskiptum við tóbakseinkasöluna. En þessar þingsályktunartilögur hafa aldrei hlotið fullnaðarafgreiðslu. Tillögur um afnám sérréttindanna voru einnig fram bornar á síðasta þingi, í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, en voru þá felldar með eins atkvæðis mun. Flm. þykir því rétt að leggja þetta mál fyrir hið nýkjörna Alþingi.